

Kynning fyrir miðstigi

Minnispunktur hér fyrir neðan eru um það sem fram átti að fara á kynningarkvöldi hjá miðstigi. Í ljósi aðstæðna biðjum við foreldra og nemendur að lesa þá saman og ræða. Nemendur eru með gögn í töskunni til þess að geta sýnt og sagt frá sinni vinnu sem vonandi útskýrir nánar hvað við er átt. Mikilvægt að öll gögn séu sett aftur í töskuna.

1. **Hefðbundin-lota** (u.þ.b. 2 vikur): áhersla á hverja námsgrein fyrir sig; innlagnir, stigvaxandi sjálfsábyrgð nemandans í að vinna eftir áætlun og aukin áhersla á skipulagningu eigin verka.

Sýnishorn af þeim námsbókum sem notaðar eru á miðstigi má sjá inn á vef Menntamálastofnunar mms.is. Þar er hægt að finna bæði rafbækur, hljóðbækur og vinnubækur. Dæmi um bækur sem við notum eru: Stærðfræði - Stika, Íslenska - Orðspor 1-3, Flökkuskinna, Söguskinna, Töfraskinna, Sögusteinn, Óskasteinn og Völusteinn, Samfélags og náttúrufræði - Ísland hér búum við og Maðurinn hugur og heilsa, Enska - Ready for Action og Action. Danska – Start, les- og vinnubók.

2. **Sambætt-lota** (u.þ.b. 2 vikur): áhersla á sambættingu margra námsgreina út frá einu viðfangsefni þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin með margs konar námsefni og mismunandi nálgun eftir því hvernig viðfangsefnið tengist hinum ýmsu námsgreinum. Ennfremur er leitast við að tengja viðfangsefni áherslum skólans sem eru *siðvit, bókvit og verkvit*.

Viðfangsefni haustannar í sambættri vinnu: Plöntur, Lýðræði, Norræn bókmenntavika og valverkefni nemanda í desember.

3. **Gagnamappa:** Í gagnamöppu verða hugmyndir og hvatning að heimalestri, verkefni, mælingar og mat úr öllum námsgreinum. Gagnamappan á að vera í tösku svo hægt sé að nota hana heima og í skólanum.

Umsjónarkennarar: Halla 5.-6. bekkur - Þórður 7. bekkur

Teymi á miðstigi: Halla (stærðfræði), Þórður (tungumál, samfélags og náttúrufræði), Áslaug (Íslenska og lestur) og Einar Árni (Íslenska og íþróttir),

Aðrir kennarar: Þórhalla, Þoddi, Myrra, Guðný Drífa, Elke, Hjördís Marta og Borgfirðingarnir okkar Tinna, Sigurður Högni og Sólveig

Stuðningur: Kristín Hrönn, Stína og Sóllilja

Hafið endilega samband við okkur ef eitthvað er óljóst eða þið viljið ræða um - sendið okkur línu eða heyrið í okkur t.d. á miðvikudögum milli 9-10.

Bestu kveðjur, Halla, Þórður, Áslaug og Einar Árni